

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 431/1998 um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

1. gr.

Viðauki við reglugerðina breytist með eftirfarandi hætti.

a. 71. gr. Öryggisbelt

Í stað tilvísunar í 5. mgr. er vísað í 6. mgr. sem orðast þannig:

6. mgr. Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1. - 4. mgr. 1

b. 72. gr. Hlífðarhjálmar

1. málsgrein orðist þannig:

1. mgr. Viðurkenndur hlífðarhjálmur ekki notaður 1

c. 73. gr. Notkun farsíma við akstur

1. mgr. Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur bifreiðar 1

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum sbr. lög nr. 84/2004 um breytingu á umferðarlögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 1. nóvember 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.